

SÍMENNTUNARÁÆTLUN TÓNLISTARSKÓLA EYJAFJARÐAR

2021-2022

MARKMIÐ

Í lok fyrsta áfanga við innleiðingu hugmyndafræði lærdómssamfélagsins er virkt samtal og samstarf starfsfólks orðið að eðlilegum hluta daglegs starfs og undirbúnings kennslu, þar sem áhersla er lögð á samvirkni og samráð með nám nemenda í fyrirrúmi. Nemendur og foreldrar hafi greiðar leiðir til að koma skoðunum sínum um námið á framfæri og sveigjanleiki til ígrundunar stuðli að skapandi kennsluháttum og samstarfi allra sem að skólasamfélaginu koma.

Samvinnuvettvangur verði nýttur til teymisvinnu ásamt skóla- og starfsþróun allt skólaárið. Þau námskeið sem standa kennurum til boða á vegum skólans styðja ávallt við þá stefnu í skólaþróun og símenntun hverju sinni. Samvinnuvettvangur virkar því sem hvati fyrir allt starfsfólk að sækja sér frekari símenntun hverskonar utan skólastofnunarinnar til stuðnings í starfi. Vinna við samvinnuvettvang sé í stöðugri þróun í takt við símenntunaráætlun og þarfir starfsfólks og skólans, endurspegli skólamenningu, skólastefnu og nemendamiðaða sýn.

Skólanámskrá verði lifandi og lýsandi plagg sem endurspegli starfsemi skólans, nám nemenda, hlutverk skóla í samfélaginu og fagmennsku þeirra sem þar starfa. Námsmat verði skýrt og taki til fleiri þátta en staðlaðra prófa; símat standi yfir allan veturinn.

Skólaárið skiptist í fjórar lotur og markmið eru sett fram fyrir allt skólaárið og einnig í fjögur minni skref, námsmat fer fram í lok hverrar lotu og þar með er nám nemenda í stöðugri endurskoðun og þróun.

Innra og ytra mat skóla verði markviss og eðlilegur þáttur í skólastarfi og skólaþróun, og niðurstöðurnar nýttar til þess að styðja við og efla starfsemi skólans og nám nemenda.

- Í skólabyrjun heldur heimspekingurinn Sigurður Kristinsson vinnustofu um fagmennsku.
Hugmyndin er að hann komi síðan aftur í enda skólaárs til upprifjunnar og horfi frekar til starfsins og starfsþróunar með augum fagmennskunnar.
- Skólastjórnendur hafa átt rýnifund með Miðstöð skólaþróunar Háskólans á Akureyri og gert með sér samkomulag um þróun leiðsagnarmats í Tónlistarskóla Eyjafjarðar.
- Jenný Gunnbjörnsdóttir verður með fyrirlestur í ágúst. Hún mun síðan fylgja verkefninu eftir með vinnufundum með öllu starfsfólki u.þ.b. 1x í mánuði
- Á starfsdegi á miðjum vetri verði námskeið til þess að leggja inn og kenna ný vinnubrögð.
Þar kæmu e.t.v. aðrir leiðbeinendur að eftir þörfum og því hvernig verkefnið þróast.
- Skólastjórnendur undirbúi innra mat á starfsemi skólans sem færi fram á vormánuðum.
- Skólastjórnendur kanni og geri áætlanir um ytra mat skólans á næstu misserum.
- Skólinn taki eins og unnt er þátt í sameiginlegum starfsdögum annara tónlistarskóla/grunnskóla á svæðinu og efli með starfsfólki bæði fag- og stéttarvitund.